



Fundargerð 260.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 14. apríl 2021 kl. 16.00 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnarhúsinu á Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Þröstur Friðfinnsson, Ólafur Rúnar Ólafsson og Þórhallur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur 2020.

Davíð Búi Halldórsson frá ENOR sat fundinn undir þessum lið og fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur voru 388,6 millj. Rekstrargjöld 471,6 þar af afskriftir 79,7 millj., og nettó fjármagnsgjöld 17,5. Tap ársins að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda var 100,5 millj. Í skýrslu stjórnar í ársreikningnum er eftirfarandi skýring:

„Komur skemmtiferðaskipa til hafna samlagsins hafa aukist verulega síðustu ár og eru orðin algjör lykilþáttur í tekjum HN. Um allan heim hefur Covid19 skaðað ferðamennsku gríðarlega mikið. Ekkert skemmtiferðaskip kom til Akureyrar sumarið 2020 en örfáar komur voru til Hríseyjar og Grímseyjar. Um mikið tekjufall varð því að ræða og má ætla að beint tekjufall hafi verið rúmar 400 mkr. Gripið var til margvíslegra mótvægisáðgerða til að draga úr kostnaði og gekk það ágætlega. Bæði var dregið úr ákveðnu viðhaldi auk þess sem færri afleysingarmenn voru ráðnir. Horfur til lengri tíma eru eftir sem áður góðar varðandi skemmtiferðaskip og eru bókanir næstu árin komnar vel af stað. Útlit er fyrir að einhver skip munu koma til Akureyrar sumarið 2021 þó ekki verði sumarið eins mikið bókað og undanfarin ár. Um leið og búið verður að bólusetja fólk á heimsvísu mun ferðamennska að öllum líkindum lifna við aftur, þar á meðal siglingar skemmtiferðaskipa.“

Ársreikningurinn var undirritaður og samþykkt að vísa honum til aðalfundar.

2. Torfunefsbyggja.

Formaður og hafnarstjóri voru boðaðir á fund bæjarráðs Akureyrarbæjar fimmtudaginn 8. apríl s.l. undir liðnum Torfunefsbyggja – endurbygging þar sem eftirfarandi bókun var samþykkt.

„Bæjarráð samþykkir með fimm samhljóða atkvæðum að veita Hafnasamlaginu eignarlóð sem til verður við stækkun á Torfunefsbyggju og felur sviðsstjóra skipulagssviðs að afmarka reitinn og bæjarlögmanni að útbúa drög að samstarfssamningi sem lagður verði fyrir bæjarráð og stjórn Hafnasamlags Norðurlands.“



Stjórn HN fagnar að hreyfing sé komin á málið og mun taka drögin fyrir um leið og þau berast.

3. Starfsmannamál.

Hafnarstjóri kynnti fyrirhugað starfsmannahald í sumar en ýmis teikn eru á lofti um að sumarið verði eitthvað líflegra varðandi komur skemmtiferðaskipa en sumarið 2020.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 17.10

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson

Jana Salóme Ingibjargar Jónsdóttir

Ólína Freysteinsdóttir

Þröstur Friðfinnsson

Ólafur Rúnar Ólafsson

Þórhallur Jónsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
